

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 188/2012

2012/EES/70/36

frá 28. september 2012

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2012 frá 15. júní 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/186/ESB frá 3. febrúar 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/42/EB um gerð hagskýrslna í tengslum við vöru- og farþegaflutninga á sjó ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 7b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/42/EB) í XXI. viðauka við samninginn:

„– **32012 D 0186:** Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/186/ESB frá 3. febrúar 2012 (Stjtið. ESB L 101, 11.4.2012, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2012/186/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. september 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 43, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 45.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 101, 11.4.2012, bls. 5.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.